

Djúpavogshreppur  
Bakka 1  
765 DJÚPAVOGI

Þjóðskrá Íslands  
Landupplýsingadeild  
Hafnarstræti 107  
600, Akureyri  
Tilvísun: 2018103095

*Berist til sveitar/bæjarstjórnar*

### **Efni: Landfræðileg upplýsingagögn sveitarfélaga**

Þjóðskrá Íslands hefur undanfarin ár unnið að því að safna hnitsettum eignamörkum inn í stafrænan gagnagrunn og er yfirferð og innfærsla hnitsettrar afmörkunar nú fastur liður í skráningarferli landeigna. Hægt, en örugglega, hefur byggist upp landeignaskrá þar sem unnt er að skoða áreiðanleg gögn í landfræðilegu samhengi við aðrar landeignir. Nú þegar hafa allmörg sveitarfélög tekið þátt í því að bæta gagnasafnið.

Hlekkur á vefsíðu landeigna er á [geo.skra.is/landeignaskra](http://geo.skra.is/landeignaskra).

Nú viljum við gera betur og bæta við landfræðilegum gögnum frá þeim sveitarfélögum sem eftir eru og ná þannig fram betra og áreiðanlegra gagnasafni fyrir landið í heild.

Það mun leiða af sér að:

- Vinna við ný mæliblöð landeigna verður skilvirkari þar sem auðvelt verður að nálgast eldri mælingar. Nýjar mælingar er þá hægt að „prjóna“ saman við eldri.
- Samhengi við önnur gögn og framsetning á korti mun auðvelda öllum hlutaðeigandi að átta sig á eignarhaldi lands þegar skipuleggja á framkvæmdir.
- Aðgengi að gögnum skilar sér í færri vinnustundum og yfirferð Þjóðskrár verður hvorutveggja hraðari og öruggari.
- Auðveldara verður að koma auga á misræmi í skráningu.
- Hægt verður að miðla samræmdum gögnum er ná til alls landsins.

Til að þetta geti orðið að veruleika þurfum við ykkar hjálp. Við þurfum:

- Stafræn landfræðileg gögn um afmörkun landeigna á gagnagrunnsformi.
- Eigindir og eigindalýsingar.
- Heimild til frekari miðlunar.

Við munum merkja sérstaklega uppruna gagnanna og greina á skýran hátt milli staðfestra landeigna og óstaðfestra afmarkana. Einnig verða landeignir sem tengjast misræmi merktar sérstaklega. Forsendur hverrar afmörkunar eiga því að vera öllum ljósar og notkun gagnanna

samkvæmt því. Ef umtalsverður munur er á milli skráðrar stærðar í fasteignaskrá og afmörkunar þá verða gögnin ekki birt.

Landeignaskráin er komin víða í notkun og sífellt fleiri hönnuðir, veitufyrirtæki, verktakar og opinberar stofnanir nýta sér skrána við vinnu sína. Að svo stöddu eru gögnin aðgengileg hverjum þeim sem not hefur af án endurgjalds á heimasíðu Þjóðskrár Íslands. Þar eru gögnin bæði aðgengileg í kortavefsjá og til niðurrhals.

Aukin dreifing skilar sér í aukinni notkun, bættri skráningu og vonandi réttari gögnum!

Ef sveitarfélagið á umrædd gögn og er tilbúið að taka þátt í samræmdri birtingu þeirra er best að hafa samband við okkur á Landupplýsingadeild Þjóðskrár Íslands og saman finnum við bestu leiðina til afhendingar.

Svör óskast fyrir áramót en afhending getur farið fram eftir það.

Með kveðju fyrir hönd Landupplýsingadeildar Þjóðskrár Íslands  
Friðrik Örn Bjarnason og Sævar Þór Halldórsson  
land@skra.is